

Alþingi
Erindi nr. P 125/1270
komudagur 27.3.2000



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur
Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

ÓM/JG

Rvk. 27.03.2000

Málefni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, mál nr. 386

Með vísan í béf yðar dagsett 28. febrúar s.l. þar sem þér óskið umsagnar Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum sendi ég yður hjálagt sameiginlega umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um framangreint frumvarp.

Virðingarfyllt

Óskar Mariússon

UMSÖGN

um

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum

Almennt

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins (SA) og Samtaka iðnaðarins (SI) telja að atvinnurekendur hafi verið afskiptir við samningu og kynningu frumvarps til laga um mat á umhverfisáhrifum, sem hér er til umsagnar.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar er að meginstefnu samið af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra til endurskoðunar á lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum með síðari breytingum, eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu. Nefndina skipuðu fulltrúar umhverfisráðuneytisins, Alþingis, Skipulagsstjóra ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Náttúruverndarráðs. Samtök atvinnurekenda lýsa yfir furðu sinni á því að ekki voru tilnefndir fulltrúar úr röðum atvinnurekenda í nefndina, sem tryggt hefði að viðhorf þeirra til gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum og framangreinds frumvarps hefðu komist á framfæri á mótunarstigi frumvarpsins.

Fulltrúar atvinnurekenda telja einnig að kynningu frumvarpsins hafi verið ábótavant og þörf sé á umræðu milli stjórnvalda og atvinnulífs um hvernig markmiðum tilskipana, sem liggja til grundvallar gildandi lögum og frumvarpi því sem hér er til umsagnar, verði náð á sem einfaldastan hátt og með minnstum tilkostnaði.

Matsskylda

Í 1. viðauka með frumvarpinu er listuð sú starfsemi sem ávallt er háð mati á umhverfisáhrifum. Listinn er að mestu tekinn upp úr tilskipun 97/11/EB þó með nokkrum frávikum sem ekki er tekin afstaða til á þessari stundu sökum tímaskorts. Í 2. viðauka eru listaðar þær framkvæmdir sem tilkynningaskyldar eru og metið í hverju tilviki hvort háðar skulu mati á umhverfisáhrifum. Í 3. viðauka eru taldar fram þær viðmiðanir sem lagðar eru til grundvallar þegar meta skal hvort tilkynningarskyldar framkvæmdir skulu fara í mat á umhverfisáhrifum, sbr. 2. viðauka. Í nokkrum tilvikum gengur frumvarpið lengra í að þrengja stærðarmörk þeirra framkvæmda sem matskyldar eru en tilskipun 97/11/EB gefur tilefni til og er ekki tekin afstaða til þeirra breytinga á þessari stundu, til þess er tíminn of naumur. Hins vegar lýsa SA og SI yfir furðu sinni á því að ekki skuli haft samráð við samtök atvinnurekenda við þær ákvarðanir. Ljóst er að afleiðingin af völdum slíkra breytinga á viðmiðunarmörkum hefur í för með sér að fleiri og minni fyrirtæki koma til með að verða matskyld í skilningi frumvarpsins, en samkvæmt gildandi lögum.

Ekki virðist frumvarpið gera neinn grundvallarmun á matsferli fyrirtækja eftir stærð, hvorki hvað útfærslu varðar né þann tíma, sem matsferlið tekur. Þó er heimildarákvæði í 15. gr. um að starfsleyfis skyld fyrirtæki geti unnið matsáætlun í samráði við starsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi.

SA og SI leggja á það áherslu að minniháttar framkvæmdir sem eru matskyldar í skilningi frumvarpsins fari í gegnum styttra og einfaldara matsferli en stærri framkvæmdir. Slík heimildarákvæði vantar í frumvarpið. Þá eru höfð í huga ákvæði 7.3 gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þar sem umhverfisráðherra er heimilað að gefa út lista yfir tiltekna starfsemi sem ekki er talin þörf á ítarlegri starfsleyfisgerð fyrir. Starfsleyfi slíkrar starfsemi þarf ekki að auglýsa.

Tekið skal fram að í 5. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að ákveða að tiltekna framkvæmdir séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum og ennfremur að mat á umhverfisáhrifum fari fram með öðrum hætti. Ekki er ljóst hvort þessi heimildarákvæði nægi til að heimila einfaldara og styttra matsferli fyrir minni framkvæmdir.

Matsferlið

Reynslan verður að skera úr um ágæti þess matferlis sem sett er fram í frumvarpinu. SA og SI lýsa yfir áhyggjum sínum vegna þess möguleika sem frumvarpið býður upp á að unnt sé að skylda starfsemi í frekara tímafrekt og kostnaðarsamt mat vegna kröfu ótiltekinna aðila um ítarlegra mat á umsagnarstigi matferlisins. Leggja verður áherslu á að upphafleg matsáætlun framkvæmdaraðila sé þannig úr garði gerð að hún nær útiloki þörf á ítarlegra mati hafi matið á annað borð farið fram samkvæmt ákvæðum matsáætlunar. Matskýrslu ætti ekki að setja í kynningarferli fyrr en nokkuð tryggt sé að gagnþörfinni sé fullnægt. Á þessari stundu er nokkuð óljóst á hvern hátt það stjórnskipulag sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu nær tókum á þessum málum.

Kostnaður vegna grunnrannsókna

Reynslan hefur sýnt að gerðar eru kröfur til grunnrannsókna á vistfræði umhverfisins þegar stærri framkvæmdir eiga í hlut, ef um óskipulögð svæði er að ræða þar sem slíkar rannsóknir hafa ekki farið fram áður. Það gefur auga leið að slíkum kröfum verður að stilla í hof þegar um minni framkvæmdir er að ræða ef ekki á kæfa atvinnutækifærið í fæðingu vegna óbærilegs kostnaðar. Það er einnig til umhugsunar hvort atvinnustarfsemin í landinu eigi yfir höfuð að standa undir kostnaði á grunnrannsóknnum sem eru í raun í annarra verkahring að framkvæma og kosta. Þessar rannsóknir ætti að greiða úr þeim landssjóðum sem ætlaðir eru til að standa straum af kostnaði við slíkar rannsóknir.

Túlkun og framkvæmd eintakra ákvæða í 1. viðauka

SA og SI telja að ekki sé nægjanlega skýrt hvernig fara eigi með stækkun núverandi mannvirkja eða starfssemi, sem hefðu verið háðar umhverfismati skv. frumvarpinu, ef um nýbyggingu hefði verið að ræða. Umhverfisráðuneytið hefur túlkað það á þann veg, að allar viðbætur og stækkanir við núverandi starfsemi séu ekki matsskyldar skv. 1. viðauka, nema aukningin sé meiri en áskilið er í tilgreindum mörkum skv. 1. viðauka.

Ný lög eiga ekki hefta eðlilega uppbyggingu núverandi mannvirkja og starfsemi. Þetta á t.d. við um svína- og alifuglaeldi skv. 19. tl. og olúgeymslustöðvar skv. 23. tl. Undir þetta myndi því falla stækkun ali-og svínabúa og einnig stækkun olíubirgðastöðva t.d. í Örfirisey, þar sem tveir lögaðilar reka nú starfssemi með geymslurými fyrir meira en 70 þús. m³ af olíu hvor.

Samkvæmt 5. tl. í 1. viðauka eru allar verksmiður þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbæðsla á málmum matsskyldar. Hugtakið verksmiðja er hins vegar ekki skilgreint í frumvarpinu. Þetta þarf að skýra nánar.

Reykjavík, 27. mars 2000

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Óskar Mariússon

F.h. Samtaka iðnaðarins



Ólafur Kjartansson



Jón Rúnar Pálsson